

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Kvikmyndafræði

Ofurhetjur og Kynjaímyndir

*Kynjaímyndir í fyrstu þáttaröðunum um Daredevil og
Jessicu Jones úr smiðju Marvel og Netflix.*

Ritgerð til B.A.- prófs í Kvikmyndafræði

Margrét Saga Gunnarsdóttir
kt.020694-2709

Leiðbeinandi : Björn Þór Vilhjálmsson
Maí 2018

Ágrip:

Fjallað er um tvær nýlegar þáttaraðir, Daredevil og Jessica Jones, er framleiddar eru af Netflíx streymisveitunni sama árið, eða 2015. Báðar hverfast þáttaraðirnar um ofurhetjur, önnur þeirra um karlpersónu og hin um kvenpersónu. Með þessum hætti gefst tækifæri til að bera saman framsetningu á kynferði söguhetja þáttanna og draga ályktanir um forsendur er kunna að liggja þar að baki. Kynjafræðilegur samanburður á þáttunum verður jafnframt settur í víðara hugmyndafræðilegt samhengi og rætt um hvernig báðar þáttaraðir opna fyrir umræðu um mikilvæg samfélagsleg mál svo sem karlmennsku, feðraveldið, nauðgunarmenningu o.fl.

Niðurstöður sýna að báðar þáttaraðir opna fyrir umræðu á samfélagslegum vandamálum. Þáttaröðin Daredevil bendir á hvernig skaðlegar kynjaímyndir geta haft áhrif á uppeldi drengja. Hversu nauðsýnlegt það era ð opna öruggt umhverfi fyrir drengi og karlmenn að sýna tilfinningar og fá leyfi til að vera viðkvæmir. Daredevil þrátt fyrir að benda á þessar umræður leitar þó mun meira í hefðbundnar kynjaímyndir en þáttaröðin um Jessicu Jones. Jessica Jones er áberandi femenísk kvenpersóna. Hún sýnir það í líkamstjáningu, styrkleika og persónuleika. Saga hennar bendir á stjórnun feðraveldisins, nauðgunarmenningu og stöðu ásamt líðan fórnarlamba.

Efnisyfirlit :

Ágrip.....	1
Inngangur.....	3
1. Hver er Daredevil?.....	6
1.1 Siðferði.....	7
1.2 Karlmennskan.....	9
1.3 Kvenpersónur í Daredevil.....	12
1.4 Andstæður og barátta.....	14
2. Jessica Jones, kraftar og „Film Noir”	16
2.1 Kvenleiki og líkamstjáning.....	16
2.2 Feðraveldið og Kilgrave.....	19
2.3 Fórnlömb og líðan þeirra.....	21
2.4 Kynjaímyndir og aukapersónur	22
3. Samanburður þáttaraðanna.....	25
Niðurlag.....	27
Heimildarskrá.....	28

Inngangur

Ofurhetjur verða sífellt vinsælli á bæði stóra og litla skjánum. Fyrirtæki sem byggð eru á myndasögum um ofurhetjur líkt og DC og Marvel hafa nýtt persónur úr myndasögum sínum og byggt upp feril í kvikmyndaheiminum með bæði þáttaröðum og kvikmyndum. Ofurhetjur hafa ávallt verið vinsælar en þó hefur framleiðsla á kvikmyndum um persónur sem hafa einstaka ofureiginleika verið áberandi í kvikmyndaheimi síðustu ára.¹ Marvel er einn stærsti framleiðandinn og hefur fyrirtækið gefið mjög reglulega út kvikmyndir um persónur þeirra, allar kvikmyndirnar tengjast þó og sér maður gjarnan persónur í fleiri en einni kvikmynd frá framleiðandanum. Marvel hefur í samstarfi við Netflix hafið framleiðslu á þáttaröðum um aðrar persónur innan Marvel myndasagnaheimsins. Þessar þáttaraðir eru nú orðnar átta talsins með þrjár þáttarraðir í framleiðslu.² Þáttaraðirnar eru að hluta til byggðar upp á sama hátt og kvikmyndirnar. Hver þáttaröð fjallar um eina persónu en þegar persónurnar hafa allar verið kynntar komu þær saman í einni sameiginlegri þáttaröð, *The Defenders*.³ Fyrstu þáttaraðirnar sem komu út í samstarfi Marvel og Netflix voru *Daredevil* og *Jessica Jones* og verður fjallað hér um þær. Þær koma báðar út árið 2015 og er því áhugavert að skoða þær í samhengi við kynjaímyndir og fleiri samfélagsleg málefni svo sem siðferði, nauðgunarmenningu og feðraveldi. Marvel gaf út sína fyrstu myndasögu árið 1939 og eru margar persónurnar því orðnar gamlar.⁴ Það hafa því orðið miklar breytingar í samfélaginu síðan sumar þeirra voru fyrst skrifaðar.

¹ Stefán Atli Sigtryggsson.(2018). Marvel í ljósi sögunnar: Hvernig gullaldartímabil Hollywood lagði línurnar að ofurhetjuveldi Marvel. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Reykjavík.

² Agard, Chancellor. (2017,11.21). *The Punisher. What's next in the Marvel-Netflix Universe?*. Sótt 2.maí 2018 af <http://ew.com/tv/2017/11/21/the-punisher-whats-next-marvel-netflix-universe/>

³ Petrie, Douglas(höfundur).2017. The Defenders[Þáttaröð]. Bandaríkin. ABC studios.

⁴ Marvel Comics. <https://www.britannica.com/topic/Marvel-Comics>. Sótt 2.maí. 2018

Daredevil, kemur fyrst til sögunnar í smiðju Marvel árið 1967 og Jessica Jones er fremur ný ofurhetja og er hennar fyrsta saga árið 2003. Það er áhugavert að skoða sérstaklega þessar tvær þáttaraðir vegna þess að þær koma frá sama framleiðanda og á sama ári og er því áhugavert að sjá hvernig þær standa miðað við málefni í samfélaginu í dag. Daredevil fjallar um mann að nafni Matt Murdock (Charlie Fox). Matt er lögfræðingur í Hell's Kitchen í New York en er einnig hetja sem hjálpar þeim sem minna mega sín, sérstaklega konum og börnum. Matt er blindur og eru kraftarnir hans hin skynfærin hans, hann heyrir vel, nemur aðstæður vel og er fljótur á fæti. Í gengum þættina er oft sett spurningarmerki við karlmennsku hans og siðferði. *Siðferði* er fólgið í þeim reglum er varða lífnaðarhætti okkar, breytni og samskipti við annað fólk, dýr og jafnvel umhverfið líka – með öðrum orðum þeim kröfum sem gerðar eru til okkar um hegðun og breytni – einkum að svo miklu leyti sem þessu verður lýst sem góðu eða slæmu, réttu eða röngu. Einnig eru til alls kyns skráðar og óskráðar reglur um samskipti okkar við annað fólk, svo sem hvers kyns kurteisisreglur, sem ekki teljast siðferðilegar. Segja má að siðferðið sé fólgið í mestu grundvallarreglunum um góða og slæma, rétta og ranga mannlega breytni.⁵ Siðferði er áberandi umræðuefni í þáttaröðinni um Daredevil.

Jessica Jones er ung kona í Hell's Kitchen í New York. Hún er óvenjulega sterk og getur hoppað háar hæðir. Jessica öðlast kraftana sína eftir bílslys þar sem hún missir móður sína, föður og bróður. Jessica elst upp inná heimili þar sem ofbeldi og niðurlæging gagnvart öðru barni á sér stað. Jessica kynnist einnig Kilgrave og kraftarnir hans stjórna henni, fá hana til að gera hluti sem hún vill ekki gera. Áhorfendur kynnast henni þá fyrst eftir hennar tíma með Kilgrave og sjá hana rísa frá því að vera fórnarlamb yfir í að vera sigurvegari. Í Jessicu Jones sjáum við tengingar við feðraveldið og nauðgunarmenningu. Feðraveldi er félagslegt yfirráðarkerfi sem byggir á veldi karla yfir konum⁶. Nauðgunarmenning er það umhverfi sem nauðgun er gerð að eðlilegum hlut, þegar lítið er gert fyrir fórnarlömb eða jafnvel fært sökina yfir á fórnarlambið.

⁵ Geir Þ. Þórarinnsson. (2005,7.9.). Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði?. Sótt 1.maí 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5247>

⁶ Patriarchy. <https://en.oxforddictionaries.com/definition/patriarchy>. Sótt 8.apríl.2018

Þetta er það umhverfi þar sem lítið er gert úr nauðgun, líkami konunnar hlutgerður, kynferðislegt ofbeldi jafnvel útbúið sem heillandi á einhvern hátt og almennt umhverfi sem takmarkar réttindi og öryggi kvenna í gegnum fjölmiðla, tónlistariðnaðinn eða kvikmyndariðnaðinn⁷. Þessi umfangsefni eru bæði til umfjöllunar ásamt kynjaímyndum og hvernig kynjaímyndir persónurnar eru. Kynjaímyndir vísa til ríkjandi hugmynda í samfélaginu um hvað það þýðir að vera karl eða kona, hvernig karlar og konur eiga að hegða sér, hvernig kynin eiga að líta út og hvað þau eiga og mega taka sér fyrir hendur.⁸ Ekki er einungis skoðað kynjaímyndir út frá aðalpersónum heldur einnig út frá illmennum og aukapersónum. Illmennin gegna áberandi hlutverki í báðum þáttarröðunum og er því áhugavert að skoða hver þeirra samfélagslega tenging er.

Persónurnar eru skoðaðar út frá menningunni í dag og hvernig þær eru í samræmi við nýjar kynjaímyndir. Er þær líklegri til að falla í gamlar og hefðbundnar kynjaímyndir eða varpa þær fram nýjum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku?. Er einhver sérstakur munur á ofurhetjunni ef hún er kona frekar en karl og hvaða samfélagslegu vandamál eiga þessar hetjur við að stríða?

⁷ *What is the rape culture?*

<http://www.marshall.edu/wcenter/sexual-assault/rape-culture/>. Sótt 1.maí.2018.

⁸ Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2002, 2.8.) *Hvað er kynímynd?*. Sótt 1.maí. 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2628>

1. Hver er Daredevil ?

Daredevil þáttarröðin er unnin í samstarfi Marvel og Netflix og kemur hún út árið 2015. Aðalleikarar þáttanna eru Charlie Fox, Deborah Ann Woll, Elden Henson og Vincent D'Onofrio og er höfundur þáttanna Drew Goddard.⁹ Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Daredevil kemur fram á skjánum en árið 2003 kom út kvikmynd að nafni Daredevil með Ben Affleck í aðalhlutverki.¹⁰ Daredevil kemur fyrst fram í myndasögum árið 1964, höfundur persónunnar er Stan Lee og Bill Everett.

Daredevil öðlast kraftana sína ungur að aldri. Hann missir sjónina vegna eitrefna sem berast fyrir slysi í augu hans. Við það að missa sjónina verða hin skynfæri hans meira virk. Hans hæfileikar eru því að hann heyrir ótrúlega vel, skynjar aðstæður vel og er fljótur á fæti. Hann hefur einnig verið þjálfður í bardagalistum og er sagður á borð við ólympíufara í styrkleika, hraða og þoli. Daredevil var alin upp af föður sínum sem var atvinnumaður í boxi. Það kemur þó fljótt í ljós að hann hefur verið að taka pening fyrir það að tapa á móti andstæðingum sínum. Þegar honum býðst tækifæri til að keppa við frægan boxara ákveður hann að vera fyrirmynd fyrir son sinn og reyna sitt allra besta þrátt fyrir að vera búinn að lofa að tapa bardaganum, hann vinnur bardagann. Þetta verður til þess að hann er drepinn af þeim sem þótti hann skulda sér peninga. Móðir Daredevil kemur ekki fram í þáttunum en gefið er í skyn að hún hafi yfirgefið hann. Hann felur raunverulegt nafn sitt sem er Matt Murdock og starfar sem lögfræðingur í Hell's Kitchen í New York, Bandaríkjunum ásamt vini sínum Foggy Nelson (Elden Henson).¹¹

Matt Murdock eða Daredevil er kynntur í þáttunum sem maður með ríka réttlætiskennd á þann hátt að hann bjargar þeim sem minna mega sín, þá sérstaklega konum og börnum. Fyrst sjáum við hann bjarga konum sem hefðu annars átt að lenda í mannsali. Hell's kitchen er bær sem settur er upp í þáttunum á þann hátt að áhorfendur vita að þar er mikið um fátækt og glæpi.

⁹ Goddard, Drew (Höfundur).2015. *Daredevil* [Þáttarröð]. Bandaríkin. ABC studios.

¹⁰ Johnson, Mark Steven(Leikstjóri).2003. *Daredevil* [Kvikmynd]. Bandaríkin. Marvel Enterprises.

¹¹ Goddard, Drew (Höfundur).2015. *Daredevil* [Þáttarröð]. Bandaríkin. ABC studios.

Ljóst verður að það eru sex einstaklingar á bakvið allar helstu glæpastarfsemi borgarinnar svosem fíkniefni, mannsal og vopnasölu. Þeirra sýn á borginni er sú að brjóta hana niður og byggja hana upp á þeirra forsendum og gera hana að góðum stað fyrir þá á toppnum. Sýn Matt's eða Daredevil er önnur og telur hann mikilvægt að losa sig við glæpamennina og byggja upp borgina á siðferðislegan hátt.

1.1 Siðferði.

Í byrjun þáttanna er kynnt hvernig Matt Murdock tekur sín fyrstu skref sem Daredevil. Matt sem er alin upp með miklum kaþólskum bakgrunni hefur trú á að það sé ekki hans að dæma andstæðing sinn til dauða. Hann særir þá vissulega en hann drepur þá ekki. Þetta kemur þó til með að reynast honum erfitt þegar á þáttunum líður. Augljóst verður að erfitt sé að fara andspænis einhverjum sem er með það markmið að drepa þig en þú sjálfur getur ekki drepið hann er þess reynist þörf á. Hann telur að ef hann tekur þá ákvörðun að leyfa sér að drepa andstæðinga sína að þá gangi hann yfir ranga línu sem mun breyta honum það sem eftir er.

Þessi spurning um hvað er rétt og hvað er rangt kemur oft upp. Er það réttlátt að taka líf einhvers sem þú sérð að er að ógna saklausu fólki. Sú spurning hvort brjóta megi siðferðslegar reglur samfélagsins ef ástæðan fyrir brotinu er nægilega góð kemur oft upp. Getur einstaklingur tekið ákvörðun fyrir því hvort hans ástæða til að gera eitthvað sem er siðferðislega rangt sé nægilega góð og gefur sér því leyfi til að gera það sem hann vill og telur rétt þrátt fyrir að brjóta jafnvel lög¹²?

Hægt er að setja upp það dæmi að ofurhetja fer að illmenninu og drepur það fyrir gjörðir sem hann hefur gert. Þessi dauðadómur á sér stað án lögfræðinga, án réttarhalda né tækifæris fyrir illmennið að verja sig. Ofurhetjan

¹² Merritt, Anna C, Efron, Daniel A og Monin, Benoit. (2010). *Moral Self-Licensing: When Being Good Frees Us To Be Bad*. Stanford University. Sótt 7. apríl 2018 af <http://www.ask-force.org/web/Fundamentalists/Merritt-Moral-Self-Licensing-2010.pdf>

hefur í þessu tilfelli tekið sjálf ákvörðun og ákveðið að illmennið eigi inni dauðadóm fyrir gjörðir sínar. Þessu dæmi er oft varpað upp í þáttunum og spurningin um hvort tilgangur gjörða réttlæti þær og hvort einstaklingur sé einn og sér fær um að taka ákvarðanir þegar það kemur að öryggi og lífi annars fólks.

Ben (Vondie Curtis Hall) leikur fréttamann í þáttunum og hefur lengi lagt vinnu í að uppljóstra leyndarmálum þeirra sem hátt settir eru eða stjórna ákveðinni glæpastarfsemi. Á störfum sínum hefur hann kynnst ýmsu og nefnir hann í þáttunum að það séu engar hetjur og engin illmenni heldur séu þetta fólk með mismunandi markmið. Spurningin um hverjir eigi að ákveða hvað sé rétt eða rangt er því varpað hér í þáttunum og hvort það sem flokkast hetjur eða illmenni hafi í raun siðferðislega rétt á að framkvæma það sem þeim finnst rétt að hverju sinni. Ofurhetja sem slík er ekki endilega að fylgja settum lögum og reglum í umhverfinu sem hún starfar í heldur vinnur hún út frá eigin sannfæringu um hvað sé siðferðislega rétt og rangt.

Illmennið og yfirvöld samfélagsins eru ákveðnar andstæður og ofurhetjan endar þar á milli. Illmennið á það oftast til að vilja brjóta niður samfélagið og við sjáum það greinilega í Daredevil þar sem helsta illmennið, Wilson Fisk (Vincent D'Onofrio) hefur það markmið að brjóta niður hefðbundið samfélag til þess að byggja það upp á því sem hann telur betri grunni.

¹³Yfirvöldin hinsvegar vilja viðhalda samfélagsskipan en hóta einstaklingnum. Ofurhetjan lendir þarna á milli og er annarsvegar að berjast gegn uppleysn samfélagsins og vill viðhalda samfélagsskipan en ekki á kostnað einstaklingsins.¹⁴Daredevil trúir á mátt einstaklingsins og telur sig ekki mega taka ákvarðanir líkt og dauðadóm sjálfur. Hann hinsvegar beitir ofbeldi á þeim forsendum að hann telur sig vera að bjarga saklausu fólki sem hann vissulega er að gera en ofbeldi er almennt talið siðferðislega rangt þegar litið er á lög og reglur landsins.

Hann er oft gagnrýndur fyrir það að vilja ekki drepa andstæðing sinn og er því oft líkt við veikleika af mörgum í þáttunum. Upp er sett sú spurning

¹³ Wilson Fisk einnig kallaður King Pin og kemur fram í ýmsum myndasögum um aðrar ofurhetjur, sem dæmi má nefna Spiderman. Vefslóð á frekari upplýsingar um King Pin. <http://marvel.com/characters/1150/kingpin>

¹⁴ Heiða Jóhannsdóttir (1999). *Frásagnarfræði hasarmynda*. Í Heimur Kvikmyndanna. Reykjavík. Forlagið.

að í endanum geti bara einn lifað af og hver yrði það þá, Wilson Fisk sem er viljugur til að drepa eða Daredevil sem vill það ekki. Það að vera karlmaður er oft sett upp í þáttunum sem geta til að taka aðstæður í eigin hendur og jafnvel drepa. Hans karlmennskuímynd er því orðin að spurningarmerki. „Vertu maður” er setning sem kemur oft fram og er hún notuð þegar verið er að hvetja til ofbeldis eða dráps.

1.2 Karlmennskan

Spurningin um karlmennsku Daredevil er oft varpað fram í þáttunum um hann. Lýsing á karlmennsku er einna helst líkamlegur og andlegur styrkur, agi, rökvísi, hlutlægni, samkeppni og síðast en ekki síst að vera snöggur að bregðast við aðsteðjandi vanda. Karlmennska er einnig hugtak byggt á völdum karla yfir konum og einnig valdaminni körlum¹⁵. Þessi lýsing á karlmennsku er einstaklega áhugaverð þegar við skoðum Daredevil og hans karlmennskuímynd. Daredevil passar vel inn í lýsingu karlmenskunnar, þar sem hann er líkamlega sterkur, hann hefur ákveðin aga og einnig er það í kröftum hans að vera snöggur í aðstæðum. Hann er hinsvegar einnig fatlaður, fatlaðir karlmenn eru oftast en ekki taldnir minna karlmenskulegir, ástæðan fyrir þessu er að með fötlun fylgir ákveðið valdaleysi þar sem fatlað fólk þarf oft á stuðningi að halda¹⁶. Ráðandi karlmennska sem er efst á toppi í karlmennskufræði þarf ekki á stuðning að halda og er þá erfitt að setja fatlaðan einstakling inn í ráðandi karlmennsku hugmyndina¹⁷. Hetjan er í myndum eða þáttum oftast karlmaður sem er vöðvastæltur harðnagli. Honum til halds og trausts er hjálparhellan eða besti vinurinn og svo konan sem getur gengt mörgum hlutverkum en er þó oftast verðlaun hetjunnar fyrir góðverkið í lokin¹⁸.

¹⁵ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

¹⁶ Shuttleworth, Russell.(2012). *The Dilemma of Disabled Masculinity*. Ástralía. Sage.

¹⁷ Gyða Margrét Pétursdóttir.(2012).*Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis*. Íslenska þjóðfélagið.Félagsfræðingafélag Íslands.

¹⁸ Heiða Jóhannsdóttir(1999). *Frásagnarfræði hasarmynda*. Í Heimur Kvikmyndanna. Reykjavík. Forlagið.

Daredevil brýtur þó ákveðið blað í þessum málum, hann er blindur og flokkast því sem fatlaður en hann þarf ekki á stuðning að halda, þessi fötlun tekur sjónina frá honum en veitir honum betri notkun á öðrum skynfærum sem gerir hann að þeirri hetju sem hann er. Þrátt fyrir að hann eigi besta vin þá er Foggy að mörgu leiti öðruvísi en hefðbundin hjálparhella. Foggy veit ekki að Matt Murdock sé ofurhetjan Daredevil og reynir Daredevil að halda honum sem mestu út fyrir allar hetjudáðir. Samband þeirra verður í raun erfiðara þegar líða fer á þættina vegna þess að þeir eru ekki sammála um margt. Karen myndi þá vera konan sem rætt er hér um að ofan í skilgreiningu á hetjunni, en hún er sú sem tekur málin í sínar eigin hendur og eiga þau ekki í ástarsambandi.

Daredevil er í stanslausri baráttu við einn stærsta glæpamann borgarinnar. Í fyrstu vita áhorfendur ekki nafnið á þeim manni en það kemur síðan í ljós að nafn hans er Wilson Fisk. Wilson Fisk er mjög áhugaverð persóna, í fyrstu er hann dularfullur einstaklingur sem áhorfandinn veit ekkert um nema hversu hættulegur hann er. Hann er valdamikill og fólk hræðist hann, einna helst hans eigin starfsmenn. Hann er einnig sterkur og að mestu mjög kaldur, hann sýnir enga samúð og engar tilfinningar fyrr en líður lengra inn í þáttarröðina.

„Vertu maður” er setning sem kemur fram í samskiptum Wilson Fisk við pabba sinn Bill Fisk (Domenick Lombardozzi). Í þáttunum kemur fram endurlit og sjáum áhorfendur Wilson sem barn. Hann var viðkvæmur strákur sem átti mjög kaldan föður, föður sem hafði sínar hugmyndir um karlmennsku. Bill Fisk sýndi oft yfirráð sitt yfir kvenmönnum með því að berja konuna sína, móður Wilson fyrir framan son sinn. Þetta átti að tákna vald og kenna þá ungum Wilson vald hans sem karlmaður. Einnig kemur fram atriði þar sem eldri strákur er að stríða Wilson og faðir hans fer með hann að stráknum og segir að hann verði að sýna að hann sé meiri maður og því beita ofbeldi til að ná sínu fram. Að lokum sjáum við atriði þar sem Bill er að berja konuna sína og Wilson tekur upp hamar og slær honum endurtekið í höfuðið á pabba sínum, Bill. Wilson drepur Bill og er þá orðin sá karlmaður sem faðir hans sagði honum að verða, hann varði móður sína og sig sjálfan með ofbeldi. Þrátt fyrir að Bill hafi vissulega verið ákveðið skrímsli þá er það raunin að ungum drengjum er kennt, oft af feðrum þeirra að

bregðast við aðstæðum með ofbeldi. Semsagt ef einhver er að beyta þér ofbeldi að þá herðir þú þig upp og beitir honum enn meira ofbeldi¹⁹.

Þetta er dæmi um skaðlega karlmennsku eins, hugmyndin að vald og yfirráð sé leið þín að því að vera karlmaður. Þetta getur einnig verið flokkað sem karlremba og getur þessi karlmennska verið skaðleg karlmönnum sjálfum²⁰. Wilson var til að byrja með ekki beint einstaklingur sem hefði flokkast undir hina ríkjandi karlmennsku, hann var viðkvæmur og hafði lítið vald. Þetta er hinsvegar eitthvað sem honum er kennt og að lokum hefur hann orðið að þeim karlmanni sem hann óttaðist í raun. Munurinn á uppeldi Daredevil og Wilson Fisk er áhugaverður, vissulega er mikið um ofbeldi í báðum barnæskum. Faðir Daredevil var atvinnumaður í boxi og var Daredevil því ekki óvanur að sjá ofbeldi enda endar hann heldur ekki sem ofbeldislaus maður þegar hann eldist. Honum er þó kennt að dæma ekki þann sem vinnur ekki alltaf eða virkar minnimáttar. Faðir hans var oftast sá sem tapaði bardögum en hann var í augum Daredevil alls ekki minnimáttar og sýndi það og sannaði þegar hann síðan vann stærsta bardagann. Daredevil upplifði einnig kærleika frá föður sínum og engar kröfur um að sýna ákveðið yfirvald yfir öðrum. Hér liggur munur á uppeldi, Wilson fær oft að vita að hann sé veikburða og að hann verði að sýna ákveðna hörku og jafnvel ofbeldi til þess að flokkast undir „alvöru karlmann“.

Þessar gömlu og skaðlegu hugmyndir karlmennskurnar eru að móta drengi og karlmenn framtíðarinnar. Það er því áhugavert að skoða líf Wilson fisk í þáttunum og sjá hvernig þessi þróun hans frá dreng yfir í karlmann er og hvernig þetta er bein vitnun í þau kynjafræðilegu vandamál sem eru í samfélaginu í dag. Í hinum vestrænu löndum þar á meðal bandaríkjunum þar sem þættirnir eiga að gerast er karlmennska skilgreind sem sjálfstæði, líkamlegur styrkur, jafnvel árásargjarn, með keppnisskap, skynsemi og getu til að sýna minni tilfinningar en konur. Setningunni sem er síðan varpað að Daredevil

¹⁹ Bozkurt, Veysel, Tartanoglu, Safak, Dawes, Glenn. (2015.5.14). Masculinity and Violence: Sex Roles and Violence Endorsement among University Students. Sótt 1.maí 2018 af https://ac.els-cdn.com/S1877042815050909/1-s2.0-S1877042815050909-main.pdf?_tid=4ad5c89a-f9ee-4737-acf3-9f61df44a0f5&acdnat=1525970203_db223b448a70a48e5e6b17a1aa5a26e2

²⁰ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

er sú hvort hann ætli að vera maður og gera það sem hann þarf að gera og drepa? Hér er það að drepa skilgreint sem tákn fyrir karlmennsku og þar sem hann hefur ekki viljað drepa neinn er hann þar með að hafna karlmennsku sinni á einhvern hátt.

Wilson hefur það verkefni að drepa Daredevil og það er eitthvað sem hann telur ekki vera vandamál, hann hefur drepði áður og flokkast þess vegna sem karlmaður ef skilgreint sé að það að drepa sé tákn karlmenskunnar eins og gert er að mörgu leiti í þáttunum. Daredevil sér þó aðra leið út og það er að uppljóstra glæpum Wilsons og gefa honum réttmæta refsingu í formi fangelsisvistar.

Það er áhugavert að setja Wilson í hlutverk ríkjandi karlmenskunnar sem hefur mesta valdið í heiminum í dag, þeir sem trú á yfirvald sitt, eru líkamlega sterkir og sýna takmarkaðar tilfinningar. Daredevil er hægt að setja í hlutverk þeirra sem vilja breyta þessum gömlu hugmyndum og uppljóstra því sem í raun er rangt við þær. Daredevil getur verið tákn nýrra tíma karlmenskunnar, hann getur táknað það fólk sem flokkast undir valdaminni karlmennsku og þeirra pláss í heiminum. Báðir geta þeir opnað umræðu um uppeldi drengja og skaðlega karlmennsku. Wilson er ágætis forvörn fyrir uppeldi sem byggt er á gömlum kynjaímyndum svo sem yfirvaldi yfir öðrum, banni á að sýna tilfinningar eða tala um hlutina. Það að harka af sér og ofbeldi gegn ofbeldi sé lausninn sé ekki endilega alltaf það rétta.²¹

Daredevil nefnir við Wilson Fisk að hann sé ekki að reyna að vera ofurhetja heldur sé hann karlmaður sem varð þreyttur af karlmönnum eins og Fisk og ákvað að gera eitthvað í þeim málum. Hér talar hann um karlmenn, hann er karlmaður sem er þreyttur á karlmönnum eins og Fisk. Hér gæti setningin hans verið að tákna þreytu annarra karlmanna að uppfylla ekki hin gömlu skilyrðu karlmenskunnar og að karlmenn séu mismunandi og að ríkjandi karlmennskan sé ekki alltaf sú rétta.

²¹Bozkurt, Veysel, Tartanoglu, Safak, Dawes, Glenn. (2015.5.14). Masculinity and Violence: Sex Roles and Violence Endorsement among University Students. Sótt 1.maí 2018 af https://ac.els-cdn.com/S1877042815050909/1-s2.0-S1877042815050909-main.pdf?_tid=4ad5c89a-f9ee-4737-acf3-9f61df44a0f5&acdnat=1525970203_db223b448a70a48e5e6b17a1aa5a26e2

1.3 Kvenpersónur í Daredevil

En hvernig eru kvenmennirnir í þáttarröðinni?, Það er einnig mjög áhugavert að skoða þær. Ef við skoðum konurnar sem eru í kringum Daredevil. Fyrst kynnumst við stelpu að nafni Karen sem er ákærð fyrir morð sem hún framdi ekki. Karen lostnar úr þeirri klípu en er ákveðin að finna sannleikann. Karen er kona sem brýtur reglur og er óhrædd við að komast að sannleikanum. Hún er einnig mjög áhugaverð því að hún kemur til með að drepa hægri hönd Wilson Fisk. Ef það að drepa er tákn karlmennskunnar út frá setningunni sem áður var varpað fram í þáttunum að þá hefur Karen einhverja karlmennsku eiginleika og myndi hún þá flokkast undir „alvöru karlmann“ frekar en Daredevil. Karen undirstrikar að eiginleikar persónunnar falla ekki endilega að kyni hennar heldur að einstaklingnum sjálfum.

Önnur kvenpersónan í heimi Daredevils er persóna sem við þó kynnumst ekki beint sem áhorfendur en okkur er sagt frá, móðir hans. Móðir hans velur hefur yfirgefið hann og þar af leiðandi hafnað sínu hlutverki sem móðir. Þetta er ótrúlega áhugavert að því leiti að fyrsta og fremst staða konu er móðurhlutverkið og að hugsa um börnin sín, móðir hans brýtur hér ákveðið blað með því að velja sjálf að yfirgefa barnið sitt²². Væntanlega miðað við aldur Daredevil að þá hefur hún verið að eignast barn á sjöunda eða áttunda áratug tuttugustu aldar. Það var önnur bylgja femínista á þeim tíma þar sem uppstokkun kjarnafjölskyldunnar og ákveðin höfnun á hefðbundnu móðurhlutverki ásamt rétti yfir eigin líkama og jöfnum rétti og tækifærum kynjanna.²³ Mögulega hefur þetta verið ástæða fyrir fjarveru hennar.

Kvenpersónurnar sem við sjáum hinsvegar á hlið Wilson Fisk eru mjög ólíkar þeim sem við sjáum á hlið Daredevil. Við kynnumst móður hans sem er einstaklega ósjálfbjarga kona í vondu sambandi við ofbeldisfullann mann. Hún er því undirgefin af valdi karlmannsins og leitar ekki að eigin frelsi, né rétti eða tækifærum. Hin konan sem við kynnumst er Vanessa og hún er unnusta Wilson

²² Guðný Gústafsdóttir.(2013).*Kvenleiki sem orðræða*. Sagnfræðistofnun, Reykjavík.

²³ Guðný Gústafsdóttir.(2012.11.10). Er femínismi það sama og kvenfrelsi?. Sótt 1.maí 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=60798>

Fisk, hennar persóna er hans stuðningur. Hún er þó einnig hans veikleiki, honum þykir vænst um hana og að passa uppá hana. Hún veit hvernig maður hann er en samþykkir það bara til þess að fá að vera honum við hlið. Hún er konan sem stendur við hlið mannsins síns.

Hér komum við að styðjandi og mengandi kvenleika. Styðjandi kvenleiki er sú kona sem fer ekki á móti hugmyndum feðraveldisins heldur stendur við hlið mannsins og viðurkennir hans völd yfir sér og öðrum minnihlutahópum, hún er hlýðin. Hennar karlmaður er þá oftast ráðandi karlmennskan og ganga þessi hugtök oft hönd í hönd. Mengandi kvenleiki eru meðal annars feministar. Konur sem berjast gegn feðraveldinu og koma með nýjar hugmyndir um kynjaímyndir og störf kvenna og karla.²⁴

1.4 Andstæður og barátta

Táknræn barátta Daredevil og Wilson Fisk hljómar þá svona. Daredevil er tákn nýrra tíma, mismunandi karlmennsku og betri skilning á að allir séu ekki eins.²⁵ Það sama sérst í konum sem hann umgangast, þær eru sterkar og fara upp á móti hefðbundnum kynjaímyndum. Karlmaðurinn hefur ekki vald yfir þeim og þrátt fyrir að Daredevil segist ætla að vernda þær eða segir að þær eigi að passa sig að þá er það ekki eitthvað sem þær fara endilega eftir. Dæmi sem hægt er að taka eru samskipti Daredevil og Karen, hann biður hana um að passa sig og vera ekki að leitast endilega eftir öllum þeim upplýsingum sem heilla hana því það gæti komið henni í hættu. Hún brýtur það og gerir það sem hún vill. Hún verður því áberandi tákn mengandi kvenleika²⁶.

²⁴ Gyða Margrét Pétursdóttir.(2012).*Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis*. Íslenska Þjóðfélagið.Félagsfræðingafélag Íslands.

²⁵ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004).*Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

²⁶ Gyða Margrét Pétursdóttir.(2012).*Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis*. Íslenska Þjóðfélagið.Félagsfræðingafélag Íslands.

Wilson Fisk er tákn skaðandi karlmennsku og hvaða áhrif þessi gamla karlmennskuímynd getur haft á drengi sem eru að alast upp²⁷. Hann opnar þær umræður fyrir áhorfendur um hvað er rangt við karlmennskuímynd dagsins í dag, og hvaða áhrif það hefur að fá ekki að tjá tilfinningar, að fá ekki að gráta eða vera viðkvæmur. Vanessa er síðan áberandi tákn styðjandi kvenleika eins og nefnt var hér áðan og er hún því andstæða Karen.

Þessum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku er varpað í þáttarröðinni en þó mögulega ekki eins áberandi og sést hefur í öðrum þáttarröðum og kvikmyndum. Það er vissulega áhugavert að rýna í kynjaímyndirnar í Daredevil en hægt er að færa rök fyrir að þær séu ekki mjög breytilegar frá því sem við höfum séð áður í hefðbundnum ofurhetjumyndum eða þáttum. Daredevil sjálfur leitar ágætlega til hinnar hefðbundnu karlmennsku, sérstaklega líkamlega og hvað varðar þol og sjálfstæði. Hann hinsvegar brýtur ákveðið blað vegna fötlunnar og getu til að hunsa þær kröfur sem gerðar eru til hans hvað varðar karlmennsku, sérstaklega getu til að hunsa setninguna „vertu maður“. Það er mögulega hægt að færa rök bæði fyrir og gegn því að Daredevil sé sterk kynjaímynd en það sem er þó áhugavert er að við sjáum illmennið sett upp sem áberandi ríkjandi karlmennsku, við sjáum að bent er á galla í uppeldi drengja og þær kröfur sem settar eru á þá. Bælingu af tilfinningum og skyldu til að harka af sér. Netflix og Marvel gætu verið að benda á það sem er rangt þegar það kemur að kynjaímyndum en til að skoða það betur er áhugavert að líta á þáttarröðina Jessicu Jones sem kemur út sama ár og Daredevil og er með kvenpersónu sem aðalhlutverk.

²⁷ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

2. Jessica Jones, kraftar og „Film Noir“

Jessica Jones þáttaröðin kemur út árið 2015 og eru framleiðendurnir þeir sömu og í þáttaröðinni um Daredevil. Aðalleikarar þáttanna eru Krysten Ritter, Rachel Taylor og Eka Darville. Höfundur þáttanna er Melissa Rosenberg.

Jessica Jones (Krysten Ritter) er ung kona í New York sem starfar sem einkaspæjari. Fyrst sést hún taka myndir af fólki og komast að leyndarmálum fólks gegn gjaldi. Kraftar hennar eru óeðlilegur styrkur og geta til að hoppa fremur hátt. Lítið er vitað um hana í byrjun en það sést fljótlega að eitthvað hefur komið uppá áður sem hefur mikil áhrif á hana, við sjáum það á líkamstjáningu hennar, á tali og hvernig hún hefur útilokað sig frá öllum sem henni eru nánir, þrátt fyrir að þeir séu ekki margir. Þættirnir leita í innblástur frá myndum og þáttum um einkaspæjarann og „Film Noir“ kvikmyndastíl. Ástæðan fyrir því að þáttaraðirnar gætu leitað þangað er bæði útaf hennar starfsgrein en einnig vegna þess að á sínum tíma var þetta eini kvikmyndastíllinn sem ekki leitaðist við að setja konur í þau hefðbundin kvenhlutverk, þá hlutverk móður, dóttur, elskenda eða slíkt. Heldur fengu konur hlutverk kynvera, þær gerðar æsandi og voru eftirsóknarverðar en þó hættulegar²⁸.

Það er vel hægt að setja Jessicu inn í hlutverk eftirsóknaverðar kvenpersónu og hún myndi auðveldlega flokkast sem hættuleg vegna krafta hennar en hún er þó ekki uppsett sem kynvera, heldur þykir hún eftirsóknarverð vegna krafta sinna einna helst. Það væri hægt að segja að við losnum að mestu við karlkyns augnarráðið og óskýru myndatökuna þegar lítið er á Jessicu og eru það helstu eiginleikar „Film noir“ sem feménistar hafa gagnrýnt²⁹.

2.1 Kvenleiki og líkamstjáning

Til þess að staðsetja betur Jessicu Jones þegar það kemur að kvenímyndum þurfum við að fara aftur í skilgreiningar á kvenleika og karlmennsku.

Karlmennska er líkamlegur og andlegur styrkur, agi, rökvísi, hlutlægni,

²⁸ Erwing, jr. Dale E.(1988). *Film Noir; style and content*. Sótt 6.apríl 2018 af <http://intelligentagent.com/noir/Ewing.pdf>

²⁹ Erwing, jr. Dale E.(1988). *Film Noir; style and content*. Sótt 6.apríl 2018 af <http://intelligentagent.com/noir/Ewing.pdf>

samkeppni og síðast en ekki síst að vera snöggur að bregðast við aðsteðjandi vanda. Í skilgreiningu um kvenleika er minni líkamlegur styrkur, geta til að sýna málefnum annarra skilning, meiri tjáning bæði á tilfinningum og þær tala meira. Kvenleiki og konur eru einnig taldnar fallegri, hvatvísari, trúaðari, viðkvæmari og minni.³⁰

Það er áhugavert að hennar ofurhetjukraftar séu að finna í lýsingu um karlmennsku. Hún er sterk sem undirstrikar karlmenskuna og fer hún því strax á móti hefðbundnum kynjaímyndum. Í þáttunum stingur Jessica upp á að sprauta illmennið svo hann missi meðvitund og hlaupa svo með hann inn í bíl sem staðsettur er á næstu götu. Þetta þykir aðstoðarmanni hennar ekki alveg nægilega sniðugt þar sem hann bendir á að kona sem sérst hlaupandi með meðvitundalausan karlmann yrði nú álitid sem undarlegt. Hér bendir hann á að það sé ekki samfélagslega viðurkennt að konur geti verið nægilega líkamlega sterkar til að sem dæmi bera karlmann, konur eru ekki taldnar líkamlega sterkar og sérstaklega ekki nægilega sterkar í samanburði við karlmenn og myndi þessi sjón því teljast undarleg.

Líkamstjáning Jessicu Jones segir líka margt en hún myndi ekki flokkast undir hefðbunda kvenlega líkamstjáningu. Konur sjást oftast í stellingum sem taka lítið pláss, þær breiða ekki úr sér eða láta mikið til sín bera. Þær reisa bringuna upp ef einhver labbar að þeim því það þykir ókurteisi að sitja með bogið bak, þó er algengt að stelpur sitji með bogið bak og líti niður til vegna feimni eða viðurkenningu á valdi annarra³¹. Við sjáum hinsvegar Jessicu Jones alltaf með fæturnar ókrosslagar og hún tekur það pláss sem hún þarf. Hún fer mjög á móti hefðbundnum líkamstellingum kvenna. Við sjáum hér mynd³²:

³⁰ Bozkurt, Veysel, Tartanoglu, Safak, Dawes, Glenn. (2015.5.14). Masculinity and Violence: Sex Roles and Violence Endorsement among University Students. Sótt 1.mái 2018 af https://ac.els-cdn.com/S1877042815050909/1-s2.0-S1877042815050909-main.pdf?_tid=4ad5c89a-f9ee-4737-acf3-9f61df44a0f5&acdnat=1525970203_db223b448a70a48e5e6b17a1aa5a26e2

³¹ Kamp, Corinna.(2008). *Performing gender in postures*. Sótt 7.apríl 2018 af http://www.br-online.de/jugend/izi/english/publication/television/21_2008_E/kramp_engl.pdf

³² Mynd tekin af Previously.tv (2015) Sótt af netinu: 8.apríl.2018. vefslóð : <http://previously.tv/jessica-jones/ranking-jessica-joness-victories-against-the-patriarchy/>



Þrátt fyrir að vera mjög sterk kvenímynd þegar það kemur að því að brjóta upp hefðina um kvenleika, karlmennsku og líkamstjáningu þá telur hún sig hafa einn veikleika. Sá veikleiki er að hún segist ekki alltaf sitja á sama um margt. Hún sýnir tilfinningar.³³ Það hefur orðið ákveðin ímynd þegar það kemur að tilfinningum kynjanna. Strákar eiga að vera harðir af sér og konur eru þær sem sýna oftast tilfinningar.³⁴ Einnig er talið mikilvægt að hetjan standi ekki á sama um það málefni sem hún er að berjast fyrir en Jessica Jones nefnir oftast en einu sinni í gegnum þættina að hún hafi ekki áhuga á að vera ofurhetja og eru það því tilfinningar hennar sem leiða hana að hetjudáðum.

Hún upplifir sem svo að tilfinningar hennar gagnvart verkefni sínu og gagnvart fólkinu í kringum sig verði henni að falli, sé hennar veikleiki. En þegar maður veltir þessu fyrir sér þá er hægt að setja spurningarmerki við hvort tilfinningar fyrir ákveðnu verkefni eða væntumþykja fyrir öðrum einstaklingum sé í raun og veru veikleiki. Þegar einstaklingur hefur áhuga á einhverju eða hefur miklar tilfinningar gagnvart einhverju opnar hann sig fyrir möguleikanum á að mistakast og verða sár eða sigra og öðlast verðlaun og gleði fyrir áhugann sinn og

³⁴ Sprechter, Susan og Sedikides, Constantine.(1993). *Gender Differences in Perceptions of Emotionality: The Case of Close Heterosexual Relationships*. Sótt 7.apríl 2018 af [http://www.southampton.ac.uk/~crsi/Sprecher%20%20Sedikides%201993%20\(2\).pdf](http://www.southampton.ac.uk/~crsi/Sprecher%20%20Sedikides%201993%20(2).pdf)

gjörðir sínar³⁵. Tilfinningar þurfa því ekki að vera veikleiki heldur eru aðdráttarafl fyrir einstakling að gera það sem hann telur mikilvægt og hægt er að færa rök fyrir því að það að flokka tilfinningar fyrir veikleika sé barns síns tíma.

2.2 Feðraveldið og Kilgrave

Áhorfendur kynnast fyrst sögum um Kilgrave, þeim er gefið innsýn inn í hvernig hann spilaði hlutverk í lífi Jessicu og gefið er í skyn hversu hættulegur hann er. Áhorfendur komast fljótt að hversu mikla stjórn þessi persóna hefur haft á andlegu hlið Jessicu Jones. Þetta er það eina sem hún óttast og þrátt fyrir að halda að hún hefði drepið hann að þá er hún ennþá mjög hrædd og viðkvæm eftir þá tíma sem hún átti með honum. Kilgrave er illmennið í Jessicu Jones þáttaröðinni og kemst í ljós eftir nokkra þætti að hann sé ekki látinn og hefur allan þennan tíma verið að fylgjast með henni án hennar vitneskju. Kraftarnir hans eru geta til að stjórna fólki. Hann segir eitthvað og einstaklingurinn hefur strax nauðsýnlega þörf á að fylgja fyrirmælum hans. Einstaklingurinn missir getuna til að framkvæma neitt annað en það sem hann hefur skipað fyrir. Þetta getur oft þýtt ofbeldisfull hegðun svosem sjálfsmorð, nauðganir og sjálfskaði ásamt ofbeldi gagnvart öðru fólki. Fólki verður svipt frelsinu og getunni til að segja nei eða mótmæla. Erfitt er að sýna fram á mátt Kilgrave og lenda því fórnarlömb hans oft í vandræðum vegna gjörða sinna þrátt fyrir að Kilgrave sé í raun sá sem á sökina, þar sem fórnarlömbin hafa ekki vald yfir eigin gjörðum.

Til þess að skilja hvernig Kilgrave og feðraveldið haldast hönd í hönd er mikilvægt að fara yfir skilgreiningu á feðraveldinu. Feðraveldi er kerfi sem viðurkennir yfirvald karla yfir konum, í samfélaginu og á vinnumarkaði³⁶. Feðraveldi er einnig það sem viðheldur gömlum kynjaímyndum og hefur áhrif á

³⁵ Frankfurt, Harry.(1982). *The Importance of what we care about*. Sótt 8.apríl.2018 af <http://omero.humnet.unipi.it/matdid/587/Frankfurt%20The%20Importance%20of%20what%20we%20care%20about.pdf>

³⁶ Patriarchy. <https://en.oxforddictionaries.com/definition/patriarchy>. Sótt 8.apríl.2018

bæði karla og konur í daglegu lífi³⁷. Við höfum hér Jessicu Jones sem samkvæmt því sem var nefnt hér að ofan er mjög femenísk persóna og svo Kilgrave sem hún óttast mest. Ástæðan fyrir því að hún óttast hann mest er vegna þess að hann hefur áður stjórnað henni og fengið hana til að gera hluti sem hún vildi ekki sjálf gera. Sem dæmi má nefna sagði hann henni að slá eins fast og hún gæti í bringuna á annarri konu og þar sem Jessica er einstaklega sterk þá leiddi þetta til andláts konunnar. Jessica náði að slíta sig frá Kilgrave á þessarri stundu en lifir þó með skömm og samviskubiti eftir þetta. Hún telur skömmina í fyrstu liggja hjá sér. Þetta sjáum við mjög góða tengingu við nauðgunarmenningu þar sem algengt er að fórnarlömbum sé kennt um og jafnvel kenna sér sjálfir um að hafa lent í aðstæðunum. Ekki er þetta eina vitnunin í nauðgunarmenningu heldur kemur fram að Kilgrave hafi stundað það að neyða konur í að stunda kynlíf með sér, en hann getur stjórnað hverjum sem er og þær hafa ekki tók á að segja nei vegna krafta hans og telur hann sig þá ekki vera að nauðga þeim. Hér er vitnað þá í þá óskýru línu og þær afsakanir sem oft eru settar upp og mæta fórnarlömbum kynferðisofbeldis³⁸.

Kilgrave er einnig karlmaður, hvítur karlmaður. Hann hefur þá getu til að stjórna heimilum og gerir slíkt oft í þáttaröðinni. Hann fer inn á heimili fólks og stjórna þeim sem þar búa, tekur heimilislíf þeirra og breytir því að sínum vilja. Þrátt fyrir að hafa það val að geta náð sér í peninga og byggt upp hús fyrir sig sjálfan að þá nærir hann á því að stjórna fólki og láta fólk sjá um sig. Feðraveldið nærir á gömlum hugmyndum um kynjaímyndir, þessar hugmyndir hertaka heimilislíf okkar og hvernig við öllum upp börnin okkar. Ef feðraveldinu verður ítt til hliðar og kynjaímyndir verða ekki lengur til losna stúlkur undir yfirvaldi karla og drengir undir yfirvaldi karlmennskuhugmyndarinnar³⁹.

Kilgrave leggur mikið uppúr því að konurnar í kringum hann brosi. Hann setur þá kröfu að ein kona brosi til hans alltaf og biður Jessicu um að senda sér

³⁷ Hooks, Bell. (ártal vantar). *Understanding patriarchy*. Sótt 8.apríl 2018 af <http://imainenoborders.org/pdf/zines/UnderstandingPatriarchy.pdf>

³⁸ Wise, Elizabeth.(2012).*Rape culture in Society and Media*.Sótt 9.apríl 2018 af <http://www.womennc.org/documents/2013CSW/Papers/Research/Elisabeth.pdf>

³⁹ Hooks, Bell. (ártal vantar). *Understanding patriarchy*. Sótt 8.apríl 2018 af <http://imainenoborders.org/pdf/zines/UnderstandingPatriarchy.pdf>

skilaboð með mynd kl. 22:00 á hverjum degi og það verður að vera brosmýnd. Þetta fær mann til að hugsa um þegar oft er sagt við ungar stelpur eða unga stráka munið að brosa. Bros getur stundum verið skylda í ákveðnum störfum og hefur verið rannsakað að brosið er oftast sett fram til að heilla aðra frekar en tilfinning sem einstaklingurinn finnur sjálfur fyrir. Brosið er einnig aðferð til að losna við óþægindi á milli einstaklinga eða getur táknað ákveðið samþykki⁴⁰. Ástæðan fyrir því að hann gerir svona miklar kröfur til þeirra að brosa gæti verið til að tákna samþykki þeirra, reyna að gera þeirra stöðu sem fórnarlamb minna vægi. Vegna þessa gjörða er hægt að færa rök fyrir hugmyndafræðilegri tengingu Kilgrave og feðraveldisins og vilja framleiðanda þáttaraðarinnar til að benda á valdamálin sem liggja í feðraveldis- og nauðgunarmenningu.

Jessica Jones er bæði fórnarlamb feðraveldisins líkt og samfélagið í heild en hún reynir að fara upp á móti og berst fyrir frelsun frá Kilgrave. Að lokum hefst það og hún drepur Kilgrave og nær að losa sig og aðra frá áhrifum hans.

2.3 Fórnarlömb og líðan þeirra eftir áfall

Jessica Jones þáttaröðin kemur mjög sterkt inná nauðgunarmenningu eins og nefnt var hér fyrir ofan. Þá erum við þó ekki bara að tala um að Jessica sé eina fórnarlambið heldur eru bæði fleiri konur og karlar fórnarlömb. Fórnarlömb kynferðisofbeldis mæta oft ákveðni gagnrýnni og mikið af fórnarlömbum ná aldrei að sjá gerandann á bakvið fangelsishurð eða verða fyrir einhverjum afleiðingum. Það getur því reynst andlega erfitt fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis að tilkynna það brot sem þau hafa orðið fyrir⁴¹. Þetta sjáum við mjög áberandi í þáttunum, þar sem kraftar Kilgrave eru ekki viðurkenndir í

⁴⁰ LaFrance, Marianne, A, Hecht, Marvin og Levy Paluck, Elizabeth. (2003). *The Contingent Smile: A Meta-Analysis of Sex Differences in Smiling*. Sótt 8. apríl 2018 af vefslóð:
<https://static1.squarespace.com/static/5186d08fe4b065e39b45b91e/t/51e3269fe4b0021f82b772d6/1373841055384/LaFrance.Hecht.Paluck.Meta.pdf>

⁴¹ Cambell, Rebecca. (2008.12). *The physiological impact of rape victims*. Sótt: 10. Apríl 2018 af
file:///Users/margretsagagunnarsdottir/Downloads/Campbell2008AP--ThePsychologicalImpactofExperienceswithLegalMedicalMentalHealth.pdf

samfélaginu og eru fórnarlömb hans ekki með neina leið til að sanna mátt hans yfir þeim.

Það sem er áberandi við Jessicu Jones er að áhorfendur fá strax að kynnast henni sem alkóhólista. Hún sést oft drekka bæði heima og á barnum og er nokkrum sinnum nefnt að hún eigi í vandamálum að stríða. Það er mjög algengt að þeir sem verða fyrir áföllum líkt og Jessica hefur gert eins og nauðgun og ákveðni frelsissviptingu að þau greinist með áfallastreituröskun eða eigi erfitt með að fóta sig aftur á eðlilegan hátt í samfélaginu⁴². Það er einnig mjög algengt að það fólk sem á erfitt með að leita sér að aðstoð eftir áföll eins og nauðgun eða greinast með áfallastreituröskun leiti áfengi til þess að deyfa vanlíðan sína á einhvern hátt⁴³. Það er því áhugavert að Jessica Jones eigi við þetta vandamál að stríða og hægt er að færa rök fyrir því hvort hér sé enn og aftur verið að benda á þá sorglegu afleiðingar nauðgunnar á fórnarlömb og verið að reyna að hefja ákveðnar umræður um nauðgunarmenningu og valdleysi fórnarlamba.

2.4 Kynjaímyndir og aukapersónur

Komist hefur verið að því að Jessica Jones gæti almennt verið talin sem mjög sterk kvenpersóna. Hennar kraftar eru andstæðan við skilgreiningu kvenleikans sem er veikleikinn og fer hennar persóna upp á móti hefðbundnum staðalímyndum kvenna, þar sem hún hefur ákveðið vald yfir karlmönnum og þá ekki á tælandi hátt heldur vegna styrkleika hennar⁴⁴.

Ef skoðaðar eru aukapersónur þáttanna eru þeir ekki síður áhugaverðir. Hennar besta vinkona og í raun eina persónan sem henni þykir mjög vænt um er

⁴² Cambell, Rebecca.(2008.12). *The physiological impact of rape victims*. Sótt: 10. Apríl 2018 af

file:///Users/margretsagagunnarsdottir/Downloads/Campbell2008AP--ThePsychologicalImpactofExperienceswithLegalMedicalMentalHealth.pdf

⁴³ Volpicelli, M.D, Joseph. Ph.D.; Balaraman, Geetha, Hahn, Julie, Wallace, Heather og Bux, Donald, Ph.d. (1999). *The Role of Uncontrollable Trauma in the Development of PTSD and Alcohol Addiction*. Sótt: 8.apríl 2018 af <https://pubs.niaaa.nih.gov/publications/arh23-4/256-262.pdf>

⁴⁴ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

Trish Walker. Jessica missti fjölskyldu sína í bílslysi þegar hún var fjórtán ára gömul og tóku Trish og móðir hennar hana inn á heimilið. Trish er mjög áhugaverð persóna að mörgu leiti, hún var barnastjarna og móðir hennar var umboðsmaður hennar, ástæðan fyrir því að þær tóku að sér Jessicu var vegna athyglinnar sem þær myndu fá frá fjölmiðlum. Móðir Trish var ofbeldisfull og setti miklar kröfur á dóttur sína, þá sérstaklega útlitslega og í hegðun. Við sjáum í einu atriði þar sem hún reynir að neyða Trish til að æla eftir að henni þótti hún hafa borðað of mikið. Þegar áhorfendur kynnast Trish hefur hún losað sig undan móður sinni, rekur útvarpsþátt og er óvirkur fíkill.

Áhorfendur komast fljótt að vilja Trish til að verða sterkari og vilja hennar til að vernda sjálfa sig. Hún upplifir sig að mörgu leiti valdarlausa og fer að þjálfa bardagalistir. Hér fer hún upp á móti kvenleikanum með því að neita því að hafna veikleikanum og leitar að leiðum til að gera sig sterkari og öðlast ákveðið vald yfir mögulegum aðstæðum sem gætu þótt hættulegar⁴⁵.

Önnur aukapersóna er Malcolm. Áhorfendur kynnast honum fyrst sem nággranna Jessicu sem er fíkill og almennt ómerkileg persóna. Seinna kemur í ljós að Kilgrave hefur verið að stjórna honum og hefur gert hann að þeim fíkli sem hann er í dag. Í fyrstu kynnti hann honum fyrir fíkniefnum og neiddi hann til að sprauta sig og svo þegar Malcolm var orðin háður fíkniefnunum sá Kilgrave um að verða úti fyrir þeim ef Malcolm myndi taka myndir af Jessicu og skila þeim til hans. Eftir að Jessica bjargar honum frá Kilgrave, tekur Malcolm að sér að stofna stuðningshóp fyrir fórnarlömb Kilgrave og reynir hvað hann getur að aðstoða Jessicu í að stöðva Kilgrave og hans áhrif á fleira fólk.

Hægt er að álykta að Kilgrave sé vitnun í feðraveldið. Sambandið sem er á milli Kilgrave og Malcolm er áhugvert að skoða hvort að hér sé verið að vitna í þá stjórn sem feðraveldið hefur einnig yfir körlum og hvernig feðraveldið og gamlar hugmyndir um karlmennsku eitra fyrir mönnum og skapa endurtekið vandamál og viðhalda þannig feðraveldinu. Gæti svo verið að vitna í með frelsun feðraveldisins þá yrði meiri stuðningur meðal fólks og meiri skilningur á milli kynjanna. Malcolm fellur ekki undir hina venjulegu staðalímynd karlmannsins,

⁴⁵ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

Malcolm er ekki líkamlega né andlega sterkur, hann er fremur viðkvæmur en einnig hlýlegur og sýnir væntumþykju til annars fólks. Þetta er ekki skilgreiningin sem við höfum af karlmennsku og er hér því verið að sýna fram á að ekki allir karlmenn flokkast undir skilgreiningu karlmenskunnar⁴⁶.

⁴⁶ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafræðum við Háskóla Íslands,

Samanburður Þáttaraðanna

Það er mjög áhugavert að skoða þessar tvær þáttaraðir sem koma út á sama ári og hafa sitthvort kynið í aðalhlutverki. Þetta gerir okkur kleypt að skoða hvað þær eiga sameiginlegt og hvað ekki og veita okkur einnig gott tækifæri til að skoða kynjaímyndir og hvort þróunin í ofurhetjuheiminum hafi breyst.

Við þekkjum öll Súperman, Batman, Iron Man, Spiderman, Wonder Woman o.fl. ofurhetjur og margar af þeim halda sig við þessa ákveðnu staðalímynd. Maðurinn er líkklamlega í góðu formi, hann bjargar konunni sinni og borginni. Wonder Woman er þó einnig áhugaverð og mögulega ekki hægt að setja hana undir staðalímynd.

Daredevil opnar vissulega umræðuna um karlmenskuna og uppeldi drengja þegar það kemur að tilfinningum og ofbeldi. Daredevil er einnig með fötlun og brýtur því ákveðið blað þegar það kemur að því. Það er þó hægt að færa rök fyrir því að Daredevil falli ennþá undir hefðbundna ofurhetju og hefðbundna kynjaímynd. Hann fellur þrátt fyrir fötlun sína vel undir skilgreiningu karlmenskunnar í hefðbundnum skilningi. Tákn karlmenskunnar í þáttaröðinni verður þó geta til að drepa og það er eitthvað sem Daredevil er ekki tilbúinn að gera. Það er áhugavert að skoða það að setja Jessicu Jones inn í hugmyndafræðilegan heim Daredevil. Þau eiga það bæði sameiginlegt að finnast erfitt að taka það skref að taka líf einhvers. Jessica hinsvegar neyðist til að taka þessa ákvörðun og drepur Kilgrave í lokaþættinum. Ef við skoðum þetta út frá þeirri hugmyndafræðilegu tengingu drápsins sem sett er upp í kaflanum um Daredevil að dráp tákni karlmenskuna, þá hefur Jessica tekið það skref sem Karen tekur líka, að hún er meiri „karlmaður“ en í raun Daredevil.

Feðraveldið virkar þannig að það viðheldur gömlum hugmyndum um karlmennsku og kvenleika og heldur því karlmanninum og konunni í ákveðnu fangelsi. Karlinn finnur þörf á að haga sér á ákveðin hátt og sína minni tilfinningar og konan að vera sömuleiðis undirgefin karlmanninum á einhvern

hátt⁴⁷. Þar sem bæði Jessica og Daredevil fara að mörgu leiti upp á móti hinum hefðbundnu staðalímyndinum þá er hægt að færa rök fyrir styrkleika þeirra sem kynjaímyndir.

Báðar persónur hafa misst fjölskyldumeðlimi og þurfa að leita að stuðningi í gegnum vini sína og líkt og nefnt var í báðum köflunum er passað upp á að þær persónur sem tengdar eru þeim eru einnig sterkar kynjaímyndir. Hægt er að færa rök fyrir að þeirra umhverfi séu nýjir tímar, vitundarvakning á vandamálum feðraveldis og jafnrétti kynjanna.

⁴⁷ Hooks, Bell. (ártal vantar). *Understanding patriarchy*. Sótt 8.apríl 2018 af <http://imagineborders.org/pdf/zines/UnderstandingPatriarchy.pdf>

Niðurlag

Daredevil þáttaröðin fjallar um mann sem gerist hetja vegna þess að hann vill bjarga þeim sem eru minnimáttar. Með því að gerast hetja koma spurningar um hvort hann sé í raun og veru að gera rétt og hvort hans eigin sannfæring á hvað sé rétt og hvað sé rangt sé í raun nægilega góð til að flokka hetjudáðir hans sem góðverk og siðferðislega réttmætar. Spurningin um getu hans til að drepa einstakling kemur oft upp og sú gjörð af drepa einhvern er jafnvel sett upp sem tákni karlmennskunnar. „Vertu maður og gerðu það sem þú þarft” er áberandi setning í þáttunum um Daredevil og er sú setning ákveðin vitnun í uppeldi drengja og skylda þeirra til að harka hlutina af sér og láta ekki tilfinningar sínar sjást. Daredevil fellur bæði undir hina hefðbundnu skilgreiningu á karlmennsku, hann er líkalega sterkur, er fjótur á fæti, með gott þol og góður í að lesa aðstæður. Hann er hinsvegar fatlaður og það getur ekki fallist undir ríkjandi karlmennsku. Þættirnir setja upp ákveðið hugmyndafræðilegt tákni fyrir karlmenskuna og er það geta til að drepa andstæðing sinn. Daredevil tekur þá ákvörðun að verða ekki neinum að bana og er því hægt að færa rök fyrir því að hann hafni hér hinni ríkjandi karlmennsku. Illmennið Wilson Fisk fellur vel undir ríkjandi karlmennsku og þeir eru andstæðingar.

Jessica Jones er áberandi femenísk kvenpersóna. Hún sýnir það í gegnum líkamstjáningu, styrkleika og persónuleika. Í hennar sögu sjáum við baráttu við feðraveldið þar sem illmenni sögunnar er vitnun í feðraveldið sjálft. Einnig sjáum við vitnun í nauðgunarmenningu og fórnarlömb kynferðisofbeldis. Hennar saga opnar því umræðu um mikilvæg vandmál í núverandi samfélagi.

Þáttarraðirnar fara báðar tvær upp á móti hefðbundnum kynjaímyndum og opna umræður um málefni sem stafa af feðraveldinu. Hinsvegar þegar litið er á ofurhetjuna eina og sér sjáum við að Daredevil leitar mun meira í hefðbundnar kynjaímyndir en Jessica Jones. Báðar eru þær þó í takt við samtíman þar sem þær reyna að benda á vandamál kynjanna en þó virðist ekki reynt að sína fram á það jafn mikið í þáttunum um Daredevil og í þáttunum um Jessicu Jones. Væri áhugavert að skoða hvort áhrif feðraveldisins á ímynd kvenna sé meira áberandi umfangsefni í samfélaginu en áhrif feðraveldisins á ímynd karlmannna?

Heimildarskrá

Agard, Chancellor. (2017,11.21). *The Punisher. What's next in the Marvel-Netflix Universe?*. Sótt 2.maí 2018 af <http://ew.com/tv/2017/11/21/the-punisher-whats-next-marvel-netflix-universe/>

Bozkurt, Veysel, Tartanoglu, Safak, Dawes, Glenn. (2015.5.14). Masculinity and Violence: Sex Roles and Violence Endorsement among University Students. Sótt 1.maí 2018 af https://ac.els-cdn.com/S1877042815050909/1-s2.0-S1877042815050909-main.pdf?_tid=4ad5c89a-f9ee-4737-acf3-9f61df44a0f5&acdnat=1525970203_db223b448a70a48e5e6b17a1aa5a26e2

Cambell, Rebecca.(2008.12). *The physiological impact of rape victims*. Sótt: 10. Apríl 2018 af <file:///Users/margretsagagunnarsdottir/Downloads/Campbell2008AP--ThePsychologicalImpactofExperienceswithLegalMedicalMentalHealth.pdf>

Erwing, jr. Dale E.(1988). *Film Noir; style and content*. Sótt 6.apríl 2018 af <http://intelligentagent.com/noir/Ewing.pdf>

Frankfurt, Harry.(1982). *The Importance of what we care about*. Sótt 8.apríl.2018 af <http://omero.humnet.unipi.it/matdid/587/Frankfurt%20The%20Importance%20of%20what%20we%20care%20about.pdf>

Geir Þ.Þórarinsson. (2005,7.9.). Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði?. Sótt 1.maí 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5247>

- Gilley, Cliff. (2014,7.11). *Who was Marvels first superhero character, and how has that character evolved throughout the companies history?*. Sótt 2.maí.2018 af <https://www.quora.com/Who-was-Marvels-first-superhero-character-and-how-has-that-character-evolved-throughout-the-companys-history>
- Goddard, Drew (Höfundur).2015. *Daredevil* [Þáttarröð]. Bandaríkin. ABC studios.
- Guðný Gústafsdóttir.(2012.11.10). Er femínismi það sama og kvenfrelsi?. Sótt 1.maí 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=60798>
- Guðný Gústafsdóttir.(2013).*Kvenleiki sem orðræða*. Sagnfræðistofnun, Reykjavík.
- Gyða Margrét Pétursdóttir.(2012).*Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis*. Íslenska Þjóðfélagið.Félagsfræðingafélag Íslands.
- Hooks, Bell. (ártal vantar). *Understanding patriarchy*. Sótt 8.apríl 2018 af <http://imagineborders.org/pdf/zines/UnderstandingPatriarchy.pdf>
- Heiða Jóhannsdóttir(1999). *Frásagnarfræði hasarmynda*. Í Heimur Kvikmyndanna. Reykjavík. Forlagið.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson(2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík. Rannsóknarstofa í kvenna og kynjafraeðum við Háskóla Íslands,
- Johnson, Mark Steven(Leikstjóri).2003. *Daredevil* [Kvikmynd]. Bandaríkin. Marvel Enterprises.
- Kamp, Corinna.(2008). *Performing gender in postures*. Sótt 7.apríl 2018 af http://www.br-online.de/jugend/izi/english/publication/televizion/21_2008_E/kramp_engl.pdf

- LaFrance, Marianne, A, Hecht, Marvin og Levy Paluck, Elizabeth. (2003). *The Contingent Smile: A Meta-Analysis of Sex Differences in Smiling*. Sótt 8.apríl 2018 af vefslóð:
<https://static1.squarespace.com/static/5186d08fe4b065e39b45b91e/t/51e3269fe4b0021f82b772d6/1373841055384/LaFrance.Hecht.Paluck.Meta.pdf>
- Marvel Comics. <https://www.britannica.com/topic/Marvel-Comics>. Sótt 2.maí. 2018
- Merritt, Anna C, Effron, Daniel A og Monin, Benoit. (2010). *Moral Self-Licensing: When Being Good Frees Us To Be Bad*. Stanford University. Sótt 7.apríl 2018 af <http://www.ask-force.org/web/Fundamentalists/Merritt-Moral-Self-Licensing-2010.pdf>
- Patriarchy. <https://en.oxforddictionaries.com/definition/patriarchy>. Sótt 8.apríl. 2018
- Petrie, Douglas (höfundur). 2017. *The Defenders* [Þáttaröð]. Bandaríkin. ABC studios.
- Rosenberg, Melissa (Höfundur). 2015. *Jessica Jones* [Þáttaröð]. Bandaríkin. ABC studios, Marvel studios, Tall girl productions.
- Shuttleworth, Russell. (2012). *The Dilemma of Disabled Masculinity*. Ástralía. Sage.
- Sprechter, Susan og Sedikides, Constantine. (1993). *Gender Differences in Perceptions of Emotionality: The Case of Close Heterosexual Relationships*. Sótt 7.apríl 2018 af [http://www.southampton.ac.uk/~crsi/Sprecher%20%20Sedikides%201993%20\(2\).pdf](http://www.southampton.ac.uk/~crsi/Sprecher%20%20Sedikides%201993%20(2).pdf)
- Stefán Atli Sigtryggsson. (2018). *Marvel í ljósi sögunnar: Hvernig gullaldartímabil Hollywood lagði línurnar að ofurhetjuveldi Marvel*. Óbirt BA ritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindasvið, Reykjavík.
- Volpicelli, M.D, Joseph. Ph.D.; Balaraman, Geetha, Hahn, Julie, Wallace, Heather og Bux, Donald, Ph.d. (1999). *The Role of Uncontrollable Trauma in the Development of PTSD and Alcohol Addiction*. Sótt: 8.apríl 2018 af <https://pubs.niaaa.nih.gov/publications/arh23-4/256-262.pdf>
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (2002, 2.8.) *Hvað er kynímynd?*. Sótt 1.maí. 2018 af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2628>

What is the rape culture?.

<http://www.marshall.edu/wcenter/sexual-assault/rape-culture/>. Sótt 1.maí.2018.

Wise, Elizabeth.(2012).*Rape culture in Society and Media*.Sótt 9.apríl 2018 af <http://www.womenncc.org/documents/2013CSW/Papers/Research/Elizabeth.pdf>